

Föstudaginn 28. apríl 1933.

Nr. 12/1933. Óskar Halldórsson

gegn

skiptaráðanda Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Óskar Halldórsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til rikissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Mánudaginn 1. maí 1933.

Nr. 175/1932. Réttvísing og valdstjórnin

(Bjarni Þ. Johnson)

gegn

Hjalta Benónýssyni (Guðm. Ólafsson).

Brot g. 102. gr. al. hegnl. o. fl.

Dómur aukaréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 8. júlí 1932: Kærður, Hjalti Benónýsson, Háabæ á Akranesi, greiði 300 kr. sekt í rikissjóð og komi 21 dags einfalt fangelsi í stað sektarinnar ef hún verður eigi greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Svo greiði hann og allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málfærslulaun til talsmanns síns, Magnúsar Jónssonar, 12 kr.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með framhaldsrannsókn þeirri, sem fyrirskipuð var með úrskurði hæstaréttar 16. jan. þ. á., má telja það upplýst, að ákærði hafi vitað, að kærandi,

lögreglustjórinn á Akranesi, var í þessari stöðu og að hann var að gegna henni þegar ákærði veittist að honum með þeim hætti, sem í hinum áfrýjaða dómi greinir. Hefir ákærði með því atferli sínu gerzt brotlegur eftir 102. gr. almennra hegningarlaga, og með því að ákærði var ennfremur áberandi ölvaður á almannafæri við umrætt tækifæri, hefir hann einnig gerzt brotlegur eftir 16. gr. laga nr. 64/1930. Þykir refsing hans fyrir brot þessi hæfilega ákveðin 200 króna sekt í rikissjóð, er afplána skal með 15 daga einföldu fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði þykir mega staðfesta. Svo greiði ákærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Hjalti Benónýsson, greiði 200 króna sekt í rikissjóð, en ef sektin greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, þá skal hann sæta 15 daga einföldu fangelsi. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Svo greiði ákærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanna Bjarna P. Johnson og Guðmundar Ólafssonar, 80 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað gegn ákærða fyrir brot á 12. kap. hinna almennu hegningarlaga og áfengislöggjöfinni og eru tildrögin þessi:

Hinn 29. marz s. l. kom kærður upp á Akranes sunnan úr Reykjavík og var þá mikið ölvaður er hann steig á land. Veittist hann þá að lögreglustjóra er var við eftirlit þar á bryggjunni og þreif af honum hattinn og vöðlaði honum saman og varð úr þessu togstreita nokkur milli lögreglustjóra og kærðs. Brot þetta virðist bera að heimfæra undir 99. gr. hinna alm. hegningarl. 2. málsgr. Svo hefir hann og gerzt brotlegur gegn áfengislögunum með því að vera ölvaður á almannafæri. Refsing sú er hann hefir unnið til virðist hæfilega ákveðin 300 kr. sekt í ríkissjóð og komi 21 dags einfalt fangelsi í stað sektarinnar ef hún verður eigi greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Svo greiði kærður allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsvarnarlaun til talsmanns síns, Magnúsar Jónssonar, 12 kr.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 3. maí 1933.

Nr. 139/1933. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)

gegn

Jacob Visser (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 25. júní 1932: Kærður, Jacob Visser, greiði 15000 króna sekt í Landhelgisjóð Íslands og komi 6 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, í h/v. P. G. 389 „Albert Sturm“, séu upptæk og renni andvirðið í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.